

Fundargerð

4. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í D-fundarsal ÍSí þriðjudaginn 5. júní 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 3. fundar staðfest milli funda. Engin mál staðfest eða afgreidd rafræn milli funda, en afreksstjóri hafði sent til upplýsingar til stjórnar val á NM unglunga í fjölþraut og val á landslið á Smáþjóðameistarmótið í Liechtenstein.

2. FÍRR - Erindi til FRÍ

Formaður kynnti erindi FÍRR vegna aðkomu og umræðu á milli FÍRR og ÍBR er varðar framkvæmd hlaupa í Reykjavík þar sem ÍBR er mótshaldari. FRÍ tekur undir sjónarmið FÍRR um að tryggja sé að aðildarfélögum FRÍ í Reykjavík, sem öll eru hluti af ÍBR, fái réttláta niðurstöðu vegna þess kostnaðar og vinnuframlags sem félögin leggja fram. Mikilvægt er að ÍBR tryggi aðildarfélögunum sínum þá umgjörð sem best verður á kosið. Mótahald ÍBR í hlaupaverkefnum þarf að vera unnið í samvinnu við frjálsíþróttahreyfinguna og eru frjálsíþróttadeildir íþróttafélaganna í Reykjavík, meginstoð og hornsteinar þess verkefnis í Reykjavík þ.a. hlaupaverkefni ÍBR geti vaxið og dafnað sem burðug íþróttaverkefni, fagleg samvinnan verður ekki sundurslitin. Sjónarmið FRÍ verða send FÍRR og ÍBR samhljóða.

3. Afreksmál - Mótahald 2018

Afreksstjóri gerði grein fyrir mótahaldi erlendis 2018 hjá fullorðnum og unglingum. Farið yfir meginreglur og það skema sem liggur fyrir, opið öllum, á heimasíðu sambandsins. Tímasetningar og kostnað. Stjórn taldi að vinnulag og skipulag allt væri orðið betra með hverju árinu sem líður. Mikilvægt væri hinsvegar að rýna umgjörð og niðurstöður keppnissumarsins að hausti 2018 m.t.t. þátttöku s.s. á árinu 2019 og 2020.

4. Forsetaverkefnið

Farið yfir samantekt um umgjörð verkefnis, sem send hafði verið fundarmönnum. Ákveðið að gera lokaatlögu að styrktaraðilum, en í ljósi tímaspangarinnar þarf niðurstaða að liggja fyrir ekki síðar en um miðjan mánuðinn.

5. Þjóðarleikvangur í Laugardal

Formaður og ritari FRÍ hafa verið boðaðir á fund í menntamálaráðuneytinu 07.06.2018 til undirbúnings vegna skipan starfshóps ráðherra um málefnið.

6. WiWA

Rætt um mikilvægi þess að það færi þátttakandi frá Íslandi á þessa boðsráðstefnu. WIWA (Woman in World Athletics Seminar) er kvennaráðstefna sem haldin er af evrópska frjálsíþróttasambandinu í samstarfi við það breska og er styrkt af IAAF. Markmiðið með þessari ráðstefnu er að efla og styrkja konur

til leiðtogastarfa í sínum löndum og víðar. Framkvæmdastjóra falið að útnefna þátttakenda á ráðstefnuna í samræmi við umræður um tilhögun.

7. Þinggerð frjálsíþróttatþings 2018

Þinggerðin liggur fyrir og verður birt á heimasíðu sambandsins innan tíðar, en prófarkalestur fer fram í Galtalind í Kópavogi.

8. Miðlunarmál - Verkefnastjóri

Stjórn ákveður að auglýsa eftir verkefnastjóra í hlutastarf til að sinna miðlunarmálum.

9. Samvinna við ÍF - Meistaramót

Gert gein fyrir erindi ÍF um beina aðkomu að Meistaramótinu. FRÍ hefur farið yfir málið og m.a. rætt við mótshaldara. Stjórn FRÍ telur í ljósi umfangs verkefnisins ekki hægt að verða við beiðninni um sameiginlegt mótahald ÍF og FRÍ á Meistaramóti Íslands, utanhúss, sem fram fer á Sauðárkróki um miðjan júlí, samhliða Landsmóti UMFÍ, en um tilraunaverkefni FRÍ og UMFÍ er að ræða. Stjórn FRÍ vill hinsvegar áréttta að hér eftir sem hingað til mun FRÍ vera tilbúið til samvinnuverkefna við öll sérsambönd ÍSÍ s.s. námskeiðahalds eða gerð leiðbeininga þ.a. hvert og eitt sérsamband geti byggt upp þekkingu á mótahaldi innan sinna vébanda.

10. Aðalfundur FRÍ ehf.

Gert grein fyrir aðalfundi FRÍ ehf. sem fram fór 05.06.2018.

11. Önnur mál

a. Nefndarkynning. Framkvæmdastjóra falið að boða þær nefndir, sem þess með þurfa, til kynningarfundar og upphafsfunða þriðjudaginn 12.06 kl. 16.30.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með laginu „Undir bláhimni“ kl. 18:35.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.